

nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

16. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli

Sjávarútvegsráðuneytinu, 14. febrúar 2000.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

AUGLÝSING

um umferð í Seyðisfjarðarkaupstað.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Seyðisfjarðarkaupstaðar hefur verið ákveðið að setja eftirfarandi reglur um umferð í Seyðisfjarðarkaupstað:

Biðskylda:

1. Umferð austur Botnahlíð víki fyrir umferð um Botnahlíð og ónefnda tengigötu milli Múlavegar og Botnahlíðar, á gatnamótum þessara gatna.
2. Umferð austur Múlaveg víki fyrir umferð um Múlaveg og ónefnda tengigötu milli Múlavegar og Botnahlíðar, á gatnamótum þessara gatna.

Reglur þessar taka þegar gildi.

Seyðisfirði, 7. febrúar 2000.

Helgi Jensson fulltrúi.

AUGLÝSING

um afnám auglýsingar um undanþágur frá ákvæðum laga um eiturefni og hættuleg efni, nr. 130/1971.

1. gr.

Auglýsing um undanþágur frá ákvæðum laga um eiturefni og hættuleg efni nr. 130/1971, er felld úr gildi frá og með 20. febrúar 2000.

2. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 9. febrúar 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.